

Keskinen og Veljekset Keskinen OY gegn Finnlandi

Dómur frá 5. júní 2012

Mál nr. 34721/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Opinber málsmeðferð. Munnlegur málflutningur í sakamáli.

1. Málsatvik

Kærandur eru Vesa Petteri Keskinen sem er finnskur ríkisborgari, fæddur 1967 og búsettur í Töysä í Finnlandi, og hlutafélag hans, Veljekset Keskinen Oy, sem er með höfuðstöðvar á sama stað. Árið 2005 stóðu kærandur fyrir fiskveiðikeppni þar sem þátttakendur þurftu að greiða 20 evrur í þátttökugjald. Keppnin fór fram á stöðuvatni sem kærandur höfðu á leigu árið 2004. Kærandur höfðu sleppt 5.551 merktum löxum í vatnið og voru þeir misstórir, allt frá 1 kg upp í 5 kg. Peningaverðlaun voru í boði fyrir þá sem veiddu stærstu fiskana og voru hæstu verðlaunin, 1 milljón evra, veitt þeim sem veiddi sérstaklega merktan laxfisk. 27.731 tók þátt í keppninni og veiddist um helmingur hinna merktu fiska. Greidd voru út verðlaun á bilinu 200 til 20.000 evrur til þeirra sem veiddu merкта fiska.

Innanríkisráðuneytið krafði kærandur skýringa á því hvers eðlis keppnin væri og komst að þeirri niðurstöðu að hún væri að hluta til happdrætti og heyrði því undir finnsk lög um hlutaveltu. Því töldu yfirvöld að sækja hefði þurft um sérstakt leyfi á grundvelli þeirra laga áður en keppni hófst. Yfirvöld höfðu komist að sömu niðurstöðu varðandi sams konar veiðikeppni sem kærandur héldu árið 2003, en í báðum tilvikum gerði lögregla engar ráðstafanir til þess að stöðva keppnina.

Keskinen var ákærður fyrir brot á fyrrgreindum lögum. Munnlegur málflutningur fór fram fyrir dómstól þann 5. júní 2006. Niðurstaða dómstólsins var að vísa málinu frá og hafna jafnframt kröfu um upptöku hagnaðar. Saksóknari áfrýjaði dóminum. Aðilar málsins kröfðust munnlegs málflutnings fyrir áfrýjunardómstólnum en kröfum þeirra var hafnað. Hinn 8. ágúst 2007 sakfelldi áfrýjunardómstóllinn Keskinen fyrir brot á lögunum og dæmdi hann til að greiða 13.300 evra sekt fyrir að hafa staðið fyrir happdrætti án tilskilinna leyfa. Áfrýjunardómstóllinn benti á að málsatvik væru að fullu upplýst og ekki væri þörf á munnlegum málflutningi fyrir réttinum. Þá var hagnaður kæranda vegna keppninnar að fjárhæð 60.000 evrur gerður upptækur.

Niðurstöðu áfrýjunardómstólsins var áfrýjað til Hæstaréttar Finnlands og þess krafist að munnlegur málflutningur færi fram þar fyrir dómi. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu 30. desember 2008 að ekki hefði verið ástæða til munnlegs málflutnings fyrir áfrýjunarréttinum og því væri ekki ástæða til slíks málflutnings fyrir hæstarétti. Niðurstaða réttarins var sú að Keskinen þyrfti að borga 7.500 evrur í sekt fyrir brot sitt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að málsmeðferð á máli þeirra fyrir áfrýjunardómstólnum og Hæstarétti Finnlands hefði brotið gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans þar sem munnlegur málflutningur hefði ekki farið fram í máli þeirra á þessum dómstigum, þrátt fyrir kröfu þar um.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til opinberrar málsmeðferðar sem tryggður væri í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans gerði ráð fyrir því að mál væru flutt munnlega fyrir dómi. Hins vegar væri rétturinn til opinberrar málsmeðferðar ekki ófrávíkjanlegur og væri slík málsmeðferð ekki nauðsynleg í þeim tilvikum þar sem aðili afsalaði sér rétti til hennar eða léti undir höfuð leggjast að krefjast slíkrar málsmeðferðar. Í þessu máli höfðu málsaðilar hins vegar krafist þess að munnlegur málflutningur færi fram að nýju á seinni dómstigum. Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæma og taldi að skilyrði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans teldust uppfyllt í þeim tilvikum þar sem munnlegur málflutningur færi eingöngu fram á fyrsta dómstigi en ekki á seinni stigum. Í þessu máli var ekki deilt um sannleiksgildi þess framburðar sem tekinn var af vitnum fyrir héraðsdómi og hvorki áfrýjunardómstóllinn né Hæstiréttur Finnlands tóku framburð vitna til endurskoðunar. Mannréttindadómstóllinn taldi því að áfrýjunardómstóllinn og hæstiréttur hefðu haft fullt svigrúm til þess að meta mál kæranda án þess að munnlegur málflutningur færi fram að nýju og að málsmeðferðin hefði ekki falið í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.